

From: [Svava Gunnarsdóttir](#)
To: [asmundur@althingi.is](#); [sij@althingi.is](#); [skatarnir@skatarnir.is](#); [bokasafn@catholica.is](#); [Grímsnes- og Grafningshreppur](#)
Subject: Úlfljótsvatn
Date: föstudagur, 10. febrúar 2023 10:41:04

**Til: Ásmundar Einars Daðasonar, barnamálaráðherra,
Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra, Bandalags íslenskra skáta, Kapólsku
kirkjunnar á Íslandi og sveitastjórarinnar í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Í júlímánuði 2021 dvaldi ég vikulangt að Vaðnesi. Þá kom ég á ÚLFLJÓTSVATN, paradís bernsku minnar. Staðurinn er varla svipur hjá sjón. Í mörg ár dvaldi ég hér í sumarbúðum skáta en síðan kom ég hingað aftur sumarið 1989 og þá sem starfsmaður. Þetta sumar kom Jóhannes Páll páfi II til Íslands og blessaði geysistöran kross sem kallaður er Æskulýðskrossinn. Honum var valinn staður að Úlfljótsvatni. Það var svo mikill kraftur í skátahreyfingunni á þessum tíma og mikil uppbygging. Núna hefur húsakostur drabbast niður og sumarbúðirnar löngu hættar. Hvers vegna? spurði ég sjálfa mig. Svarið er: loftslagsbreytingar! Það var varla stætt þarna vegna ótrúlegs magns af múflugum. Mjög leiðinlegt. Það sem mér fannst vera jákvætt, í fljótu bragði, er að sjá hversu mörg falleg tré hafa vaxið upp. Ég var bæði hugsu og sorgmædd þegar ég yfirgaf Úlfljótsvatn.

Það hefur lengi verið draumur minn að ganga upp að Æskulýðskrossinum, sem ég hef sjálf alltaf kallað Páfakrossinn. Eins og Jóhannes Páll páfi II sagði sjálfur:

"Æska Íslands! Ég fel ykkur þennan kross sem ég hef blessað. Skátar munu reisa hann við Úlfljótsvatn til minningar um heimsókn mína. Krossinn minnir ykkur á þúsund ára kristni á Íslandi og að kristin trú er arfleidd ykkar. Iðkið hana af einlægni! Lifið í trúnni! Þess óska ég íslenskri æsku."

Stígnum, sem var gerður árið 1989, hefur ekki verið viðhaldið en það eru breiður af lúpínum sem hafa vaxið yfir hann á stórum kafla. Svo undarlega sem það hljómar þá hefur ekkert bílastæði verið lagt þarna né skilti til þess að vísa leiðina. En útsýnið er flott.

Mig langar að biðja ykkar að taka höndum saman og minnast hins merka atburðar sem heimsókn Jóhannesar Páls páfa II til Íslands var. Láta búa til lítið bílastæði þar sem göngustígurinn byrjar, setja upp veglegt upplýsingaspjald, gera við göngustíginn og minni umferðarskilti til þess að vísa veginn úr báðum áttum. Krossinn er svo fallegur og útsýnið stórkostlegt. Þetta hvetur til útiveru og er dásamlegt stopp fyrir ferðamenn. Einnig ber að nefna að krossinn sjálfur var framleiddur í Póllandi og það eru margir Pólverjar búsettir á Íslandi.

Sem gamall skáti yrði ég afskaplega þakklát. Skátahreyfingin var stór hluti af minni bernsku og Úlfljótsvatn á sérstakan stað í hjarta mínu. Ég vona heitt og innilega að bréf mitt fái góðar viðtökur.

Virðingarfyllst,

Svava Gunnarsdóttir

--

Svava Gunnarsdóttir
Ásvallagata 40
101 Reykjavík
ISLAND

+354 868 9136